

Samkomulag um breytingar á stofnanasamningi

Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) og Háskólans á Akureyri (HA).

Samningurinn var upprunalega gerður á árinu 2006 fyrir tímabilið 1. maí 2006 til 30. apríl 2008. Hann hefur ekki verið formlega endurnýjaður en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framkvæmd hans með með samkomulagi í samstarfsnefnd sem ekki verða tíundaðar hér.


Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi breytingar á ofangreindum stofnanasamningi:

- **Allir félagsmenn í FHA fá hliðrun um þrjú þrep til hægri í launatöflu frá og með 1. ágúst 2014.**
- **Allir félagsmenn í FHA fá hliðrun um eitt þrep til hægri í launatöflu frá og með 1. janúar 2015.**

Fáist meira fjármagn til skólans þannig að hægt verði að framkvæma samninginn frá og með 1. apríl eins og í HÍ, eru aðilar sammála um að fjármögnun hliðrunar um fjórða þrep til hægri fyrir kennara (aðjunkt, lektora og dósent) frá sama tíma verði gerð með endurskoðun á fyrirkomulagi vinnumatssjóðs. Sú endurskoðun verði þá gerð með breytingu eða bókun við stofnanasamning sem er í endurskoðun en er ekki fullgerður.

Akureyri, 25.04.2014


F.h. Félags háskólakennara á Akureyri.



F.h. Háskólans á Akureyri.

Með fyrirvara um samþykki

framkvæmdastjórnar /háskólaráðs.



Um aðdraganda meðfylgjandi samkomulags

Þann 16. apríl s.l. var undirritaður kjarasamningur milli fjármálaráðherra og Félags háskólakennara (í HÍ) þar sem samið var um 2,8% launahækkun en jafnframt var gert samkomulag um breytingar á stofnanasamningi FH og HÍ þar sem gerðar eru breytingar á röðun í þrep í launatöflu FH.

FHA og HA hafa gengið út frá því að breytingar á launum af þessu tagi yrði framkvæmdar með sambærilegum hætti í HA og HÍ og að HA fengi nauðsynlega fjármuni til þess að svo megi verða. Ofangreindur stofnanasamningur í Háskóla Íslands gildir frá 1. apríl 2014 en þær ráðstafanir í fjármálum HA sem gera þarf af þessu tilefni miðast við að samningurinn gildi frá 1. september n.k.. Sú ákvörðun fjármálaráðuneytisins er óhagganleg að því er virðist en stjórnendur HA munu samt sem áður gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að fá þá ákvörðun endurskoðaða.

Í áðurnefndum samningi sem gerður var í Háskóla Íslands var gengið út frá því að kennarar fengju fjórða þrepíð strax frá 1. apríl 2014 en á móti verði gerðar breytingar á úthlutun úr vinnumatssjóði. Í þessum tillögum er ekki gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi vinnumatssjóðs á samningstímanum. Takist að sækja auknar fjárveitingar þannig að hægt verði að ganga lengra í átt að gildistíma HÍ samningsins verður þó fyrirkomulag vinnumatssjóðs endurskoðað í því samhengi.

Aðilar hafa náð samkomulagi um breytingar á framkvæmd samningsins frá og með 1. ágúst 2014 eins og fram kemur í meðfylgjandi samkomulagi.

Akureyri, 25.04.2014.